



Vopnafjarðarskóli

Kennsluáætlanir haust 2016

3. bekkur

Kennarar

Silvía Björk Kristjánsdóttir: íslenska, lífsleikni, myndmennt
samfélagsfræði/náttúrufræði og uppl.mennt

Baldur Hallgrímsson: hönnun og smíði

Heiðbjört Antonsdóttir: textílmennnt og stærðfræði

Berglind Wium Árnadóttir: heimilisfræði

Bjartur Aðalbjörnsson: íþróttir

Efnisyfirlit

Íslenska, samfélagsfræði/náttúrufræði, lífsleikni, myndmennt og upp- og tölvutækni	3
Stærðfræði	7
Hönnun og smíði	8
Textílmennt	9
Heimilisfræði	10
Íþróttir	Error! Bookmark not defined.

Íslenska, samfélagsfræði/náttúrufræði, lífsleikni, myndmennt og upp- og tölvutækni

Hæfniviðmið/ námslýsing

Skólinn hefur tileinkað sér kennsluáferð í lestrar- og íslenskukennslu sem nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi skiptist í stuttu máli í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur, auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með lykilorð og bókstafi á ýmsa vegu, svo sem með stafagerð, samvinnuspjöldum, stafa- og orðasúpum, minnisspilum, orðabingó og sóknarskrift. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta, til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. 3. og 4. bekkur mun vinna í blönduðum námshópum í vetur. Unnið verður ýmist í getublönduðum, getuskriptum hópum þvert á bekki eða eftir árgöngum.

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar verða unnar í tengslum við Byrjendalæsi. Upplýsingum er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti.

Í lífsleikni meðal annars unnið með bætt samskipti, vináttu, tilfinningar og málefni líðandi stundar, m.a með bekkjafundum. Lífsleiknin verður samþætt Byrjendalæsi og öðrum námsgreinum eftir því sem við á. Kennslan verður byggð upp á umræðum, hlustun og frásögnum, leikrænni tjáningu og myndsköpun.

Upplýsinga og tölvutækni er samþætt Byrjendalæsi. Þar vinna nemendur í Word, power point og í gagnvirkum forritum.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni/leiðir	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst - september	<p>Sameiginlegt: Upprifjun.</p> <p>Lestraráttak: yndislestur og ýmis verkefni tengd því.</p> <p>Ritun: Nemendur skrifa sögu ums umarið.</p> <p>Málfræði: orðflokkar: no, kyn orða, et. og ft., andheiti og samheiti, samsett orð, stafrófið.</p> <p>Stafsetning: Áhersla á stóran og lítinn staf. Reglan um n/nn</p> <p>Gagnvirkur lestur Gagnvirkur lestur innleiddur.</p>	<p>Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.</p> <p>Vinnubækur í íslensku.</p> <p>Nemendur vinna verkefni í stafsetningu. Gagnvirkar æfingar. Sóknarskrift</p>	<p>Símat – kennari skráir jafn óðum.</p> <p>Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu.</p> <p>Málfræði könnun, til að kanna þekkingu nemenda.</p>

	<p>Bekkjafundir Hópeflisleikir</p> <p>4. bekkur: Upprifjun fyrir samræmd próf.</p> <p>Yndislestur</p>	<p>Alls kyns Byrjendalæsis tengd verkefni.</p> <p>Byrjendalæsisefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ástarsaga úr fjöllunum. - Rikka og töfrahringurinn. - Sagan um Gullbrá og birnina þrjá. 	
Október	<p>Tjáning: Bókakynning – segja frá uppáhalds bókinni sinni.</p> <p>Upplstur og frásagnir.</p> <p>Farið verður í uppbyggingu sögu og notaður við það sögurammi.</p> <p>Stafsetning: áhersla á einfaldan og tvöfaldan sérhljóða.</p> <p>Sernöfn og samnöfn</p> <p>Nafnorð – greinir.</p> <p>Gagnvirkur lestur.</p> <p>Gagnvirkar æfingar í stafsetningu.</p> <p>Bekkjarfundir Hópeflisleikir</p> <p>3. bekkur:</p>	<p>Bók að eigin vali.</p> <p>Sögurammi.</p> <p>Vinnubækur.</p> <p>Unnið með sérnöfn og samnöfn. Búið til orðafjöll.</p> <p>Áframhaldandi vinna með nafnorð. Greinir kynntur og ýmis verkefni þar sem unnið er með greini. Nemendur fallbeygja ýmis orð í eintölu og fleirtölu ýmist með eða án greinis.</p> <p>Alls kyns Byrjendalæsis tengd verkefni.</p> <p>Byrjendalæsisefni:</p>	<p>Matsblað um að geta tjáð sig og hlustað.</p> <p>Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu.</p> <p>Könnun á nafnorðum og sérnöfnum og samnöfnum.</p> <p>Sjálsmat.</p>

	<p>Þekki hugtök eins og sögupersónur, upphaf og sögulok.</p> <p>4. bekkur: Áttar sig á söguþræði, persónum og söguviði.</p> <p>Yndislestur</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Ríkka og töfrahingurinn í Japan. - Prinsessan í hörpunni. - Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti 	
Nóvember	<p>Ritun Persónulýsing. Hvaða orð notuð við til að lýsa persónum? Hugstormun um hvaða orð nemendur þekkja. Orðaskjóð búin til með orðum sem við notum til að lýsa persónum. Að því loknu nota nemendur hugarkortið um persónu sína til að skrifa lýsingu í samfelldu málu um persónu sína.</p> <p>Málfræði Sagnorð Lýsingaorð Nútið og þátíð</p> <p>Dagur íslenskrar tungu. Unnið með orðtök og málshætti.</p> <p>Gagnvirkur lestur.</p> <p>Bekkjarfundir Hópeflisleikir</p> <p>Yndislestur</p>	<p>Hugtakakort.</p> <p>Sköpun, nemendur skrifa um og teikna sína persónu. Kynna fyrir samnemendum.</p> <p>Nemendur kynnst sagnorðum og lýsingaorðum. Vinna margvísleg verkefni tengd Byrjendalæsinu.</p> <p>Nemendur finna orðtök og málshætti og skrifa skýringar á þeim. Myndskreyta að vild.</p> <p>Alls kyns Byrjendalæsis tengd verkefni.</p> <p>Byrjendalæsisefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Glókollur - Iðnir krakkar - Sjórnæningarnir í næsta húsi 	<p>Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu.</p> <p>Könnun á sagnorðum og lýsingaorðum.</p> <p>Jafningjamat.</p>

<p>Desember</p>	<p>Ritun Tilfinningar, hvaða orð eigum við um þær? Nemendur skrifa um atburð og eiga að lýsa hvernig persónum í sögunni líður.</p> <p>Málfræði: Nafnorð og fallbeyging.</p> <p>Farið sérstaklega í trúabrogðin og útfært á alls kyns máta</p> <p>Leikritið „Besta jólagjöfin“ æft fyrir litlu jólin.</p> <p>Jólaföndur.</p> <p>Bekkjarfundir Hópeflisleikir</p> <p>Gagnvirkur lestur. Yndislestur</p>	<p>Hugstormun frá nemendum, skoða jákvæða og neikvæðar tilfinningar, setja síðan allt saman í orðaskjóðu.</p> <p>Alls kyns Byrjendalæsis tengd verkefni.</p> <p>Byrjendalæsisefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Trúabrogðin okkar - Besta jólagjöfin – leikrit. 	<p>Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu.</p> <p>Könnun í fallbeygingu.</p>
<p>Janúar</p>	<p>Ritun Upprifjun</p> <p>Gagnvirkur lestur.</p> <p>Bekkjarfundir Hópeflisleikir Yndislestur</p>	<p>Farið yfir alla þá þætti sem við unnum með fyrir jólin.</p> <p>Alls kyns Byrjendalæsis tengd verkefni.</p> <p>Byrjendalæsisefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Komdu og skoðaðu himingeiminn. - Urð og grjót. 	<p>Annarskil – námsmat.</p>

Námsmat

Námsmatið er byggt á: virkni í tímum, verkefnamöppu, könnunum, s.s. nafnorðakönnun og sagnorðakönnun og samvinnu/samskipti.

Áætlun birt með fyrirvara um breytingar.

Stærðfræði

Hæfniviðmið/ námslýsing

Upprifjun: Samlagning, frádráttur, margföldun, deiling og margföldunartaflan.

Pals: Innleiðing og vinna eftir Pals stærðfræði. Þör að læra saman.

Upplýsingar og tölfraði: Telja og flokka og setja upp í súlurit.

Þriggja stafa tölur: Vinna með hundruð, eða þriggjustafa tölur.

Mælingar: Læra um sentimetra og metra og geta breitt á milli. Unnið með talnalínur.

Tími: Unnið með klukku og tölvuúr og tímamælingar.

Rúmmál og flatarmál: Nemendur kynnast sívalningum, ferstrendingum, píramídum, kúlum teningum og keilum. Þeir vinna síðan með flatar- og rúmmálsdæmi.

Margföldun og deiling: Unnið með margföldun og deilingu.

Samhverfa og horn: Læra um samhverfar myndir, mynstur, speglun og horn.

Upprifjun: Rifjað upp það sem hefur verið unnið með á önninni.

Nemendur munu ýmist leysa verkefni sín einstaklingslega, í þörum eða sem einn hópur. Haldið verður áfram að kenna þrautir og þrautalausnir en með þeim þjálfá nemendur til dæmis færni sína í að finna hvað upplýsingar þeir þurfa að nota og hvaða reikniaðgerðum eigi að beita hverju sinni. Sem fyrr verður lögð áhersla á að tengja stærðfræðina við daglegt líf nemenda og að verkefnin fjalli um hluti aðstæður úr umhverfi þeirra. PALS stærðfræðiaðferðin verður í tveimur kennslustundum á viku. Helstu markmið PALS er að þjálfá samtímis hóp af nemendum í stærðfræði með jafningamiðaðri nálgun. Rannsóknir á PALS aðferðinni hafa staðfest að flestir nemendur, hvort sem þeir eru afburðarnemendur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika. Haldið verður áfram að þjálfá nemendur í færniþáttum og stærðfræðihugtökum sem unnið hefur verið með í 1. og 2. bekk. Svo sem talningu, flokkun, mynstri, samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Einnig í oddatölum og sléttum tölum, einingum, tugum og hundruðum. Nemendur þjálfáðir í að læra á klukku og tímamælingar. Síðan verður unnið með tölfraði, form, talnalínur og mælingar. Fatarmál, rúmmál, rúmfræði og almenn brot. Jafnframt verða ný hugtök kennd og nemendur æfðir í að vinna með þau og viðfangsefni tengd þeim s.s. kaup og sala.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnas kil
Ágúst	Upprifjun. Upplýsingar og tölfraði.	Verkefni frá kennara. Sproti 3 A nemendabók.	Stöðumat. Virgni í tímum.

September	Þriggja stafa tölur. Pals innlögn.	Sproti 3 A nemendabók. Pals námsefni.	Kaflapróf/ sjálfsmat. Virgni í tímum.
Október	Mælingar og tími. Pals stærðfræði.	Sproti 3 A nemendabók. Pals námsefni.	Kaflapróf/ Jafningjamat Virgni í tímum.
Nóvember	Rúmmál og flatarmál. Pals stærðfræði.	Sproti 3 A nemendabók. Pals námsefni.	Kaflapróf/ sjálfsmat. Virgni í tímum.
Desember	Samhverfa og horn. Pals stærðfræði.	Sproti 3 A nemendabók. Pals námsefni.	Kaflapróf/ jafningjamat. Virgni í tímum.
Janúar	Upprifjun. Pals stærðfræði.	Verkefni frá kennara. Sproti 3 A nemendabók. Pals námsefni.	Janúarpróf. Virgni í tímum.

Námsmat

Kannanir í lok hvers kafla, jafningjamat, sjálfsmat og virgni í tímum.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- beitt einföldum handverkfærum
- gert sér grein fyrir hvenær frágangur er vandaður
- þekkt smíðaefni sem unnið er með
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- fjallað um þrívíð form
- unnið með leður
- þjálfast í að meta eigin verk
- gert sér grein fyrir vinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur smíða einfalda hluti úr tré. Saga, pússa, líma eða negla. Mála og eða lakka. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Kynning á áhöldum og vélum. Fá nýja forsíðu í vinnumöppu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirgni, áhuga og virgni í tímum.

September 4 X 40 mín.	Nemendur velja hrafn til að saga út pússa og mála.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Nemendur velja hrafn til að saga út pússa og mála.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Nemendur búa til millu á spjald og sauma poka utan um hana í textílmennnt.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Nemendur búa til eitthvað jólatengt.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Byrjað tré dúkku (Wooden dolls)	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Textílmennnt

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- þekkt frumlitina og frumformin
- fengið innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við sníðavinnu
- teiknað eftir fyrirmælum og búið til einfalt sníð
- unnið með tvöfalt efni, klippt og saumað saman
- lært að þrjóna og að hekla
- saumað einfaldar flíkur í saumavél
- unnið með gínur
- saumað úr leðri
- skreytt textílvinnu
- fjallað um þrívíð form
- tjáð sig um litaval
- kynnst helstu hlutum saumavélarinnar
- unnið eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinkað sér nokkur hugtök textílgreinarinnar
- gert sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- eftt þekkingu sína á verklegum greinum
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum

- skoði eigin verk og annarra og ræði um þau út frá fagurfræði

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur sauma einfalda hluti í saumavél. Sauma krosssaum í java og læra að prjóna fingraprjón og að prjóna. Vinna með gínur og leður. Hekla smávegis.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Kynning á áhöldum og vélum. Búa til forsíðu á möppu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Nemendur búa til snið á gínu, peysu og buxur og lita munstur. Vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Snýða föt á gínurnar eftir sniðunum. Puttaprjóna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Sauma í saumavél. Puttaprjóna og vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Hekla og puttaprjóna. Vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Krossaumur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Tveir samliggjandi tímar, aðra hverja viku, 60 mín í senn. Unnið er með bókina Hollt og gott 2 ásamt efni frá kennara. Kennslan er bæði verkleg og bókleg.

Nemendur:

- þjálfist í notkun á viðeigandi áhöldum.
- fái þjálfun í að þvo upp og hreinsa áhöld.
- geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli, msk. og tsk.
- læri að fara eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum.
- læri að hreinsa og brytja ávexti og grænmeti með hníf.
- hugi að því hvernig hollt mataræði er.
- hugi að persónulegu hreinlæti.
- leggi á borð og hugi að borðsiðum.

- temji sér að nota lítið af eignum sem spilla umhverfi (sápu, pappír, umbúðum).
- geti sýnt hjálpssemi og tillitssemi.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Brauðmeti og bókl.	Bls. 5	
September	Gulrótarsalat og bókl. Grænmetisbátur og bókl.	Bls. 10-12 Bls. 13-14	
Október	Trallakökur Mjólkurdrykkur og bókl.	Bls. 17 Bls. 18-20	
Nóvember	Brauðkringlur. Brenndar möndlur.	Bls. 15	
Desember	Jólaundirbúningur.		

Námsmat

Símat í formi virkni, hegðunar og frágangi. Lykilhæfnisviðmið eru höfð til hliðsjónar.

Íþróttir

Hæfniviðmið/ námslýsing

Námið fer að miklum hluta fram í leikjaformi en einnig með einföldum boltaæfingum, stöðvaþjálfun, hlaupum og keppnum. Lögð er áhersla á að þjálfar þol og styrk nemenda, jafnvægi, lipurð og samhæfingu. Auk þess læra nemendur rétt viðhorf í hópíþróttum.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
September	Körfubolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Október	Leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Nóvember	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Desember	Blak, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

Janúar	Leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Febrúar	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Mars	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Apríl	Körfubolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Maí	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.